



STARFSLEYFI

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

Kt. 591219-1380

Akureyrarflugvelli

600 Akureyri

- Alþjóðaflugvöllur með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirkjum, m.a. flugstöðvarbyggingu, viðgerðaraðstöðu, olíumannvirkjum auk æfingaaðstöðu fyrir slökkvilið-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 5. apríl 2035

5. apríl 2023

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Isavia Innanlandsflugvöllur ehf.

Kennitala: 591219-1380

Starfsstöð: Akureyrarflugvöllur

Gildistími starfsleyfis: frá 5. apríl 2023 til 5 apríl 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir Akureyrarflugvöll sem er alþjóðaflugvöllur með eldsneytisafgreiðslu. Leyfið nær einnig til starfsemi flugstöðvarbyggingar, viðgerðaraðstöðu, olíumannvirkja og æfingasvæðis fyrir slökkvilið

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Lýsing á starfsemi og skilyrði sem gilda.

1.1. Flugstöðvarbygging

Í flugstöðvarbyggingu er flugturn biðsalir, innritunaraðstaða, afgreiðsla bílalega og almenningssalerni. Veitingasala er rekin starfsleyfi annars rekstraraðila.

M.a. skal farið eftir:

- Reglugerð 941/2002 um hollustuhætti
- Fylgiskjali I starfsskilyrðum fyrir almenningssalerni

1.2. Viðgerðaraðstaða

Í viðgerðaraðstöðunni er heimilt sinna viðgerðum og viðhaldi á vélum og tækjum starfsleyfishafa

M.a. skal farið eftir:

- Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- Fylgiskjali II, starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði

1.3. Eldsneystiafgreiðsla

Á flugvellinum eru m.a. tveir 60.000 lítrar tankar með þotueldsneyti (Jet A-1) og 20.000 lítra tankur með flugbensíni (Avgas 100LL). Auk þess eru svæðinu minni tankar með dísel og vélaolíu, auk tanka fyrir úrgangsolíu.

M.a. skal farið eftir:

- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Fylgiskjali III, almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi

1.4. Æfingasvæði slökkviliðs

Æfingasvæðið er staðsett í steiptum grunni austan flugbrautarinnar. Frárennsli frá grunninum er tengt olúgildru.

Eftirfarandi skilyrði gilda:

- Einungis er heimilt að nota ómeðhöndlað timbur, þ.e. ekki gagnvarið eða lakkað timbur.
- Æfingar skulu eingöngu fara fram þegar vindátt er hagstæð og vindstyrkur það lítill að reykur valdi ekki óþægindum í nágrenni svæðisins.
- Alla olíu skal geyma á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum.
- Við þrif á æfingasvæðinu skal sérstaklega gætt að því að sótt og önnur óhreinindi berist ekki út í umhverfið.
- Reglulega þarf að fylgjast með olúgildru og hana þarf að tæma eftir þörfum.

M.a. skal farið eftir:

- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Fylgiskjali III, almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi

2. Innra eftirlit fyrirtækisins

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Magn og gerð spilliefna, þ.m.t. úrgangsolíu sem skilað er til móttökustöðva ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Halda skal saman upplýsingum um þjónustu við olúgildrur þ.e. upplýsingar um eftirlit með gildrunum, dagsetningu losunnar og magn sands og/eða olíusora sem fjarlæggt er ef við á.
- Halda skal saman rannsóknaniðurstöðum af mælingum á olíu í fráveituvatni frá lekaþrónni ef mælingar eru framkvæmdar.

3. Lóð og umhverfi

3.1. Lóð

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

3.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Skylt er að nota sorpílát sem Heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt.

Um úrgang gilda m.a:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

3.3. Óhöpp

Komi til óhappa eða slysa sem geta haf umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll. Óhöpp skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Fylgiskjal 1

Starfsskilyrði fyrir almenningssalerni

Samræmd starfsskilyrði vegna hollustuhátta, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 8. gr. aga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- Starfsskilyrði þessi gilda fyrir almenningssalerni. Rgl.nr. 830/2022 viðauki.
- Starfsskilyrðin gilda aðeins í húsnæði sem tilgreint er við skráningu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu. Rgl.nr. 830/2022, 3. gr.
- Ef um annan skráningar- eða starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi skráningar- eða starfsleyfisskilyrði. Rgl.nr. 941/2002, 13. gr. og 830/2022, 6. gr.
- Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum, reglum og almennum kröfum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsskilyrðum. Rgl.nr. 941/2002, 3. og 14. gr. 830/2022, 6. gr.
- Staðfesting á skráningu skal vera sýnileg með áberandi hætti á starfsstöð. Rgl.nr. 830/2022, 6. gr.
- Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu. Rgl.nr. 830/2022, 7. gr.
- Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið. Rgl.nr. 830/2022, 11. gr.

2. Húsnæði og búnaður

- Stærð, gerð og fjöldi salernisklefa fer eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Rgl.nr. 941/2002, 15. gr.
- Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í klefanum eða við hann í sérstöku rými. Rgl.nr. 941/2002, 15. gr.
- Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa. Rgl.nr. 941/2002, 15. gr.
- Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr. 536/2001

- Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum. Rgl.nr. 112/2012.
- Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúðarhúsnæði. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt. Rgl.nr. 941/2002, 14.
- Gólf, veggir, loft og annar samsvarandi húsbúnaður skal vera gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa. Rgl.nr. 941/2002, 14.
- Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum. Rgl.nr. 737/2003, 17. gr.

3. Hreinlæti og þrif

- Húsnæði og aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Sjálfhreinsandi salerni skulu háð daglegu eftirliti rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Rgl.nr. 941/2002, 11. og 14. gr.
- Húsnæði og frágangur þess skal vera þannig að þrif séu auðveld. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir. Um notkun rafretta fer samkvæmt lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Lög nr. 6/2002, lög nr. 87/2018. gr. 12.

4. Hávaði

- Um hávaða gildir reglugerð um hávaða. Rgl.nr. 724/2008.

5. Öryggi og slysavarnir

- Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við byggingarreglugerð, um að hitastig vatns við töppunaraðili fari ekki yfir 43°C. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr. og 112/2012, 14.5.10 gr.

6. Umhverfismál

- Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á. Rgl.nr. 798/1999.
- Frágangur sorpílata skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Losa skal þurrsalerni og færarleg salerni á viðurkenndum móttökustöðum. Rgl.nr. 798/1999 og 737/2003.
- Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru. Rgl.nr. 941/2002, 14. gr.
- Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Rgl.nr. 737/2003.

7. Eftirlit

- Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Tíðni eftirlits skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur. Rgl.nr. 941/2002, XVI. kafli, 830/2022., 8. gr. lög nr. 7/1998, XIV. kafli.

- Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku. Lög nr. 7/1998, 62.gr.
- Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.

8. Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVIII. kafla reglugerðar nr. 941/2002 og XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum. Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfisstofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafli laganna. Rgl.nr. 941/2002, XVII. kafli. Lög nr. 7/1998.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.

Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

Lögum nr. 93/1995 um matvæli.

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*
- *Byggingarreglugerð nr. 212/2012.*

Fylgiskjal II

Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. Umgegni á lóð

- Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bíflök, bíhluta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaþæri, valdi fok- eða slysaþættu eða hættu á mengun í jarðvegi. 737/2003, 941/2002 14. gr.
- Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á. 737/2003 16. og 18. gr.

2. Fráveita

- Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Senda skal upplýsingar um olúskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olúskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli. 798/1999, 5. gr., 884/2017 51. gr.
- Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni. 798/1999, 5. gr.
- Olúskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu. 798/1999 5. gr., 884/2017 gr, 51.
- Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað. 884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.
- Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúskilju. 798/1999 5. gr., 884/2017.
- Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyrum eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra. 43. gr., 50 gr., 809/1999 7. gr.

3. Spilliefni og annar úrgangur

- Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi. 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999
- Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma. 884/2017, 809/1999 7.gr., rgl. nr. 1040/2016, 806/1999 8.gr.
- Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila. 1400/2020
- Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum. 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011.
- Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. 737/2003 og rgl. nr. 806/1999.

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- *Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,*
- *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,*
- *lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs,*
- *efnalög nr. 61/2013,*
- *reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit,*
- *reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,*
- *reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni,*
- *reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,*
- *reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi,*
- *reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH),*
- *reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.*

Fylgiskjal III

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/198 0	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/201 2	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphlát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/201 8 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.	798/1999	

3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.